

2. gr.

D - liður 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar þegar skráningarkerki hafa verið afhent skráningaraðila til varðveislu í minnst 15 daga samfellt. Undanþága þessi miðast við dagsetningu innlagnar skráningarkerkja. Jafnframt er innheimtumönnum ríkissjóðs heimilt að fella niður bifreiðagjald af ónýtum bifreiðum sem sannanlega hafa ekki verið í notkun á gjaldtímabilinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Tómas N. Möller.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samgönguminjasafnið Ystafelli.

1. gr.

Samgönguminjasafnið Ystafelli er stofnað af hjónunum Ingólfi Kristjánssyni, kt. 270921-2489 og Kristbjörgu Jónsdóttur, kt. 080619-2199, Ystafelli III, Ljósavatnshreppi.

2. gr.

Samgönguminjasafnið er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðan fjárhag. Lögheimili stofnunarinnar er að Ystafelli III í Ljósavatnshreppi.

3. gr.

Eignir stofnunarinnar eru:

- A. Fjárhús, fjós og hlaða á jörðinni Ystafelli III, Ljósavatnshreppi.
- B. Landspilda úr sömu jörð samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.
- C. Safngripir.

Stofnfé stofnunarinnar eru þær eignir sem tilgreindar eru í liðum A og B og er óheimilt að skerða þær.

4. gr.

Stjórn safnsins er skipuð þremur mönnum: Ingólfi Kristjánssyni, Ara Ingólfssyni og Sverri Ingólfssyni. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Verði sæti stjórnarmanns autt, vegna þess að hann óskar að ganga úr stjórninni, eða vegna andláts, fyllir stjórnin sjálf í skarðið með því að skipa í sæti það sem laust hefur orðið nýjan stjórnarmann.

5. gr.

Stjórn Samgönguminjasafnsins ræður forstöðumann safnsins, en hann ræður aðra starfsmenn.

6. gr.

Tekjur Samgönguminjasafnsins eru aðgangseyrir, frjáls framlög einstaklinga og félaga og fjárveitingar frá hinu opinbera.

7. gr.

Reikningsár Samgönguminjasafnsins er almanaksárið og skal ársreikningur þess gefinn út endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun reikning safnsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um starfsemi þess.

8. gr.

Skrá skal alla muni er safninu berast, merkja þá, lýsa þeim og gera sem gleggsta grein fyrir uppruna þeirra og sögu. Hvorki má selja né gefa muni úr safninu, en láta má muni í skiptum fyrir aðra, ef stjórn safnsins samþykkir það einróma, nema annað sé ákveðið af gefanda.

9. gr.

Heimilt er breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmeðlima. Bera skal breytingarnar undir dómsmálaráðuneytið til staðfestingar.

10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal stjórnin ráðstafa eignum hennar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1999.

Í stað ártalsins „1998“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1999.

Í stað orðanna „880 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 900 kr.

Í stað orðanna „334.000 kr.“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 342.000 kr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1998“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1999.